



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### Viðurkenningar fyrir meistaraverkefni í kennslu- og tómsundafræðum

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi þann 13. september 2017 að veita árlega viðurkenningu fyrir meistaraverkefni í leikskólakennara-, grunnskólakennara- og tómsundafræðum sem eru unnin á vettvangi skóla- og frístundastarfs Reykjavíkurborgar og/eða hafa hagnýtt gildi fyrir framþróun formlegrar og óformlegrar menntunar í borginni.

Veittar eru allt að tólf viðurkenningar árlega fyrir slík verkefni og verðlaun fyrir hvert verkefni eru 250.000 kr. Markmið þessara verðlauna er að auka hagnýtingu rannsókna í fagstarfi með börnum og unglingum í borginni, vekja athygli á skóla- og frístundastarfi í borginni og hvetja meistaraneina til að gera Reykjavík að vettvangi rannsókna, náms og starfs. Efnt verður til kynninga á verðlaunaverkefnum fyrir stjórnendur og starfsfólk skóla- og frístundasviðs.

Upplýsingar um viðurkenningarnar er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/frettir/veita-vidurkenningar-fyrir-meistaraverkefni-i-kennslu-og-tomstundafraedum-0>

Auglýst var eftir umsóknum og tekið fram að til álita kæmu verkefni sem lokið var við á tímabilinu 1. júní 2021 til 31. maí 2022. Þrettán umsóknir bárust að þessu sinni. Dómnefnd, skipuð sérfræðingum í starfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs fór yfir umsóknir og valdi að þessu sinni átta sem hljóta viðurkenningu.

Lagt er til að eftirfarandi verkefni hljóti viðurkenningu skóla- og frístundaráðs haustið 2022:

- 1) **Ayse Ebru Gurdemir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Parents views on childrens portfolios – A brigade between home and preschool*. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- 2) **Birna Hugrún Bjarnadóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Hugtakaskilningur í stærðfræði*. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- 3) **Guðlaug Elísabet Finnsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Ég er með hugmynd! Starfendarannsókn verkefnastjóra á innleiðingu þróunarverkefnis um sköpunarsmiðjur*. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- 4) **Hrefna Böðvarsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Sögur barna – Þróun starfshátta til eflingar hlustunarskilnings og tjáningarfærni leikskólabarna*. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á menntavísindasviði Háskóla Íslands.



- 5) **Magnea Arnardóttir** færð viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið „*Þetta eru mjög mikilvæg ár*“ – *Um reynslu og styrkleika einstaklinga sem sinna stuðningi í leikskólum*. Verkefnið er unnið við kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri.
- 6) **Sesselja Ósk Vignisdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Góð leiðsögn – gulls ígildi*. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- 7) **Steinunn Huld Gunnarsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Félagsfærni barna í leikskólum* – „*Við höfum trú á börnum*“. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- 8) **Sulakshna Kumar** fær viðurkenningu fyrir verkefnið *Reynsla foreldra af erlendum uppruna af þátttöku í leikskólasamfélagi*. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á menntavísindasviði Háskóla Íslands.



## Fylgiskjal

### Viðurkenningar fyrir meistaraverkefni í kennslu- og tómstundafræðum – umsagnir um verðlaunaverkefni:

- 1) Alyse Ebru Gureemir** fær viðurkenningu fyrir verkefnið *Parent's Views on Children's Portfolios*. Verkefnið var unnið við deild kennslu- og menntunarfræða við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Tekin voru viðtöl við foreldra í leikskóla í Reykjavík og leikskólastjóra viðkomandi leikskóla. Áhugavert er að sjá hvað foreldrar eru ánægðir með ferilmöppur barnanna og sjá þær í mismunandi ljósi. Kaflinn um niðurstöður er hagnýtur og ætti að nýtast til umræðna í leikskólum þar sem hugmyndir foreldranna eru ekki alltaf í samræmi við markmið og áherslur sem leikskólinn setur sér með gerð ferilmappa. Einnig geta niðurstöður nýst til að fá fram raddir foreldra með annað móðurmál en íslensku. Upplifun af hugmyndum foreldranna verður enn sterkari þar sem þær eru ræddar í tenglum við viðtal við leikskólastjóra um markmið og tilgang ferilmappa. Verkefni af þessu tagi hefur mikið gildi og getur vakið umræðu um mikilvægi þess að foreldrar allra barna í leikskóla geti komið að ferilmöppum og mati á námi barna sinna. Verkefnið vekur til umhugsunar um hvernig gera má nám í leikskóla sýnilegt fyrir foreldra og börn með það í huga að virkja þau til lýðræðislegrar þátttöku og að hlustað sé á hugmyndir barna og foreldra til að dýpka námið.
- 2) Birna Hugrún Bjarnadóttir** fær viðurkenningu fyrir verkefnið *Hugtakaskilningur í stærðfræði. Efling námssamfélags stærðfræðikennara á Menntafléttunámskeiði*. Verkefnið var unnið við deild faggreinakennslu við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Um er að ræða starfendarannsókn þar sem rýnt var í hvað einkennir þróun námssamfélaga stærðfræðikennara á námskeiði Menntafléttunnar og hvernig líkan hennar nýtist til að efla námssamfélög. Markmiðið var einkum að skoða hvernig grunnuppbygging námskeiða Menntafléttunnar nýtist við að efla stærðfræðikennara í starfi. Styrkur verkefnisins er einkum fólgin í að það byggir á mjög yfirgripsmikilli þekkingu höfundar á stærðfræðinámi og –kennslu og er mjög vel unnið verkefni að mati prófdómara. Fylgst var sérstaklega með og fjallað um starfsþróun stærðfræðikennara í einum skóla á einu skólaári en mjög margt af því sem fram kemur um starfsþróun og innleiðingu og stuðning við námssamfélög í skólum er hægt að yfirfæra á aðra þætti skóla- og frístundastarfs. Einnig er fjallað um Menntafléttuna og hvernig hún nýtist í því að efla starfsþróun kennara en þau vinnubrögð eru að ryðja sér til rúms í starfsþróun fagfólks í skóla- og frístundastarfi þar sem markmiðið er að efla og styðja við námssamfélög fagstétta á þessum vettvangi.
- 3) Guðlaug Elísabet Finnsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Ég er með hugmynd! Starfendarannsókn verkefnastjóra á innleiðingu þróunarverkefnis um sköpunarsmiðjur*. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á menntavísindasviði Háskóla Íslands og er starfendarannsókn verkefnastjóra í Vesturbæjarskóla. Markmið höfundar með starfendarannsókninni var að varpa ljósi á hvað einkenndi innleiðingu Austur-vestur verkefnisins sem var þróunar- og samstarfsverkefni þriggja gunnskóla í Reykjavík og hlutverk höfundar sem verkefnastjóra í því. Verkefnið hlaut styrk úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnunnar „Látum draumana rætast“ yfir þriggja ára tímabil. Höfundur sýnir mikinn metnað í starfi með þátttöku í samstarfsverkefninu og hefur náð á athyglisverðan hátt að varpa ljósi á það skapandi ferli sem á sér stað þegar tilraunir eru gerðar í skólastarfi, hvaða hindranir geta komið upp og hvaða áskoranir fylgja slíku ferli. Allt ferlið er mikilvæg fyrirmynd fyrir aðra kennara og varpar ljósi á hve gríðarlegur ávinningur það er fyrir kennara að rýna starf sitt og þróa starfshætti í átt til nýrra tíma. Höfundur tekst að skapa ríka og lifandi frásögn af innleiðingarferlinu þar sem skiptast á skin og skúrir. Ljóst er að höfundur hefur unnið gott starf, bæði sem verkefnastjóri og



sem rannsakandi og hér er um bitastætt framlag að ræða sem hjálpar okkur til skilnings á innleiðingarferli af þessu tagi.

- 4) Hrefna Böðvarsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Sögur barna – Þróun starfshátta til eflingar hlustunarskilnings og tjáningarfærni leikskólabarna*. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Um er að ræða starfendarannsókn sem unnin er í leikskóla í Reykjavík. Verkefnið hefur hagnýtt gildi á þeim stað sem rannsóknin fór fram þar sem starfshættir viðkomandi deildar þróuðust og lögð var áhersla á lærdómssamfélag hjá starfsfólki þar sem unnið var að því að auka fagþekkingu á málþroska barna. Verkefnið er einnig hagnýtt í stærra samhengi. Höfundur kynnir ítarlega þá leið í málörvun barna að nota sögukörfur, einingakubba, brúður og aðra fylgihluti í tengslum við sögustundir og hlutverkaleik. Farið er vel yfir hvernig starfið þróaðist í samstarfi við starfsfólk sem getur nýst þeim sem hafa í huga að fara í einhverskonar þróunarstarf. Það er alltaf lærdómsríkt fyrir starfsfólk í leikskóla að skoða fjölbreyttar leiðir til að styðja við málþroska leikskólabarna. Áhugavert er hvernig höfundur lýsir lærdómssamfélagi sem verður til hjá starfsfólki deildarinnar með þátttöku í verkefninu.
- 5) Magnea Arnardóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *„Þetta eru mjög mikilvæg ár“ – Um reynslu og styrkleika einstaklinga sem sinna stuðningi í leikskólum*. Verkefnið er unnið við kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Það fjallar um rannsókn höfundar á persónustyrkleikum einstaklinga sem sinna stuðningi við börn í leikskóla í Reykjavík og hvaða bjargir hafa reynst þeim einstaklingum vel til að sinna störfum sínum sem best. Hagnýtt gildi er mikið vegna þess hversu lítið hefur verið hugað að viðfangsefninu sem um ræðir og það er því sérlega ánægjulegt að Magnea bætir úr því hér með þessari rannsókn. Niðurstaðan sýnir glögglega hversu mikilvægt það er að allir sem í leikskólanum starfa skoði viðhorf, markmið og sýn á nemendum sem ekki fylgja jafnöldrum sínum eftir í þroska. Viðhorf sem unnið er að með innleiðingu Betri borgar fyrir börn og Farsældarlaganna. Rannsóknin er afar mikilvæg varðandi það að læra og skilja þarfir starfsfólks, leiðbeinenda, sérkennara, þroskaþjálfara o.fl. sem starfa við sérkennslu inni í leikskólunum. Rannsóknin sýnir að húmor og sveigjanleiki einstaklinga auk jafningjahandleiðslu, formlegrar og óformlegrar, á vettvangi hefur reynst þessum einstaklingum best í sinni vinnu í leikskólanum. Viðmælendur höfðu ólíkar upplifanir af starfinu en áttu augljóslega margt sameiginlegt þegar þeir lýstu starfi sínu, reynslu og björgum í starfi. Niðurstöður má nýta til að bæta starfsumhverfi í leikskólum til þess að börnin fái enn betra nám og kennslu.
- 6) Sesselja Ósk Vignisdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Góð leiðsögn – gulls ígildi, upplifun og reynsla kennaranema og nýliða í kennslu af leiðsögn*. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Verkefnið byggir á eigindlegri rannsókn sem ætlað er að gefa innsýn í þá leiðsögn sem fimmta árs kennaranemar í starfsnámi og nýliðar í kennslu á sínu fyrsta starfsári fá í þeim skólum sem þeir starfa við. Sjö af átta viðmælendum starfa við grunnskóla borgarinnar. Að mati prófdómara er hér um að ræða vel unnið verkefni sem varpar skýru ljósi á mikilvægi markvissrar leiðsagnar kennaranema og nýliða í kennslu. Þó svo að hér sé fjallað um leiðsögn við kennaranema í starfsnámi og nýliða í kennslu í grunnskólum er fjölmargt í fræðilegum kafla og niðurstöðum rannsóknarinnar sem má yfirfæra á móttöku nýliða í öðrum fagstéttum í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Verkefnið getur þannig nýst fleirum en bara grunnskólum borgarinnar þó svo að rannsóknin hafi verið gerð á þeim vettvangi.



- 7) **Steinunn Huld Gunnarsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Félagsfærni barna í leikskólum – „Við höfum trú á börnum“*. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Eigindleg rannsóknaraðferð var notuð í verkefninu og tekin voru einstaklingsviðtöl við sjö leikskólakennara. Um er að ræða áhugavert verkefni þar sem rýnt er í tækifæri leikskólans til þess að efla félagsfærni og sjálfsmynd barna í leikskólanum og auka þannig vellíðan og möguleika til að þroskast til framtíðar. Skoðað er hvort og hvernig leikskólakennarar nýta þekkingu sína og færni til þess að auka félagsfærni barna. Mikilvægi rannsóknarinnar felst í því að lagðar eru fram leiðir til að efla félagsfærni og sjálfsmynd og dregin fram vitneskja leikskólakennara um mikilvægi þess að aðstoða börn sem eru með slaka félagslega færni. Verkefnið sýnir fram á mikilvægi þess að það sé hlustað og talað við börn í leikskólum og að hugað sé að því rými sem börnum bjóðast í leikskólanum. Fjöldi barna og hávaði hefur áhrif á líðan barna, möguleika til samskipta og eflingu félagsfærni og sjálfsmyndar. Fram kom að leikskólakennarar eru mjög meðvitaðir um mikilvægi leiksins til þess að efla félagsþroska en rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi góðrar félagsfærni og sjálfsmyndar til framtíðar möguleika barna.
- 8) **Sulakshna Kumar** fær viðurkenningu fyrir verkefnið *Reynsla foreldra af erlendum uppruna í þátttöku í leikskólasamfélagi*. Verkefnið var unnið við kennslu- og menntunarfræðideild við menntavísindasvið Háskóla Íslands og er meginleg rannsókn meðal foreldra af erlendum uppruna um þátttöku í leikskólasamfélagi. Í verkefninu er greint frá sýn og reynslu foreldra af erlendum uppruna af foreldrasamstarfi í íslenskum leikskólum. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að foreldrarnir hafi mismunandi reynslu af leikskólastarfi þar sem bæði kemur fram hvað vel gengur og hvað betur mætti fara í samstarfi við leikskóla. Þar spila inn í þættir eins og íslenskukunnátta foreldra, menning, tungumál og fyrri reynsla. Sumir foreldrar upplifðu sig tilheyra leikskólasamfélaginu og áttu góð samskipti við starfsfólk leikskólanna á meðan aðrir upplifðu stíð samskipti, áhugaleysi og neikvæðni í samskiptum við leikskólastarfsfólk. Flestum foreldrum fannst þörf fá auknu menningarnæmni í starfinu og að starfsfólk væri upplýst um menningarlegan margbreytileika. Í verkefninu koma fram mikilvægar upplýsingar um hvernig hægt er að koma betur til móts við fjölbreyttar þarfir foreldra og fjölskyldna og veita öllum jöfn tækifæri. Niðurstöður rannsóknarinnar geta því tvímælalaust stutt stjórnendur og annað starfsfólk leikskóla í því hvernig bæta megi foreldrasamstarf við fjölbreyttan foreldrahóp og því mikilvægt að leikskólastarfsfólk sé sveigjanlegt og tilbúið að mæta þörfum fjölskyldna á þeirra forsendum.